

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 13. desember 2006 – 48. tölublað – 2. árgangur

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

General Motors
Dregur úr framleiðslu jeppa



Sérfræðingar Lánstrausts
Benda á veiku blettina



Minni verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,04 prósent milli mánaða í desember og jafngildir það 7,0 prósent verðbólgu síðastliðna 12 mánuði, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Til samanburðar var verðbólgan 7,3 prósent í nóvember.



BENSÍNDÆLA
Vísitala neysluverðs hækkaði minna en greiningardeildir bankanna reiknuðu með.

Hækkunin er ívið minni en greiningardeildir bankanna spáðu en þær hljóðuðu upp á 0,1 til 0,2 prósent hækkun milli mánaða.

Eldsneytisverð lækkaði milli mánaða. Á móti hækkaði verð á bílum og húsaleigu en það er í takt við spár greiningardeilda bankanna. Þá lækkaði matvöruverð þriðja mánuðinn í röð en það var þvert á spár bankanna. - jab

Gnúpur kaupir og selur í FL

Fjárfestarnir Kristinn Björnsson og Magnús Kristinsson hafa sett hlutabréf sín í FL Group inn í Gnúp fjárfestingafélag sem þeir stofnuðu ásamt Þórði Má Jóhannessyni, fyrrum forstjóra Straums-Burðaráss.

Jafnframt hefur Gnúp selt um fimm prósent hlut til FL sem á nú um sjö prósent í eigin bréfum. Öll viðskiptin fóru fram á genginu 23,1 sem var undir þáverandi markaðsgengi hlutabréfa í FL.

Eignarhlutur Gnúps er því um 17,2 prósent í FL eða rúm 32 milljarðar að markaðsvirði. Félag í eigu Magnúsar héldu utan um 14,5 prósent hlut í FL fyrir viðskiptin, en félag í eigu Kristins og systkina hans um 7,7 prósent.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar kemur fram að Kristinn og Magnús eigi samlagt 93 prósent hlutafjár í Gnúpi. Fjárfestingafélagið Brekka, sem er í eigu Þórðar Má, er einnig meðal hluthafa. - eþa

FRÉTTIR VIKUNNAR

Nýtt met | Viðskiptahalli hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi en hann reyndist tæplega 81 milljarður króna á þeim þriðja. Viðskiptahalli ársins er því orðinn 205 milljarðar króna og meiri en allt árið í fyrra.

Úr landi | Actavis íhugar að flytja framleiðslu um tuttugu samheitalyfja til Bretlands. Um er að ræða lyf sem hefur verið kostnaðarsamt að framleiða á Íslandi. Með þessu er leitast við að lækka verð lyfjanna.

Ný útgáfa | Landsbankinn hefur lokið við skuldabréfaútgáfu í Kanada fyrir 300 milljónir kanadískra dala eða 18 milljarða íslenskra króna. Útgáfan er á gjalddaga í janúar 2010.



Fons næststærstur | Fons, sem er að meirihluta í eigu Pálma Haraldssonar, hefur keypt 9,2 prósent hlut Straums-Burðaráss og dótturfélags þess, Iðu fjárfestinga, í 365. Fons er eftir kaupin næststærsti hluthafinn í 365.

Lí ráðleggur | Landsbanki Íslands var aðalráðgjafi við kaup norska fjárfestingarfélagsins Estatia á kanadíska magnesíum-málmsteypunni Meridian Technologies á yfir 12 milljarða íslenskra króna.

Dragast saman | Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 4,7 milljörðum króna í nóvember. Þetta er 1,5 milljörðum króna minna en í mánuðinum á undan. Heildarútlán sjóðsins á árinu nema ríflega 44,6 milljörðum.

Bæta við | FL Group hefur eignast þrjátíu prósent hlut í Glitni eftir að fjárfestingafélagið keypti bréf í bankanum fyrir 2,3 milljarða króna. Heildarhlutur bankans er metinn á rúma 99 milljarða króna.

Seðlabankinn þegir í tvær til þrjár vikur

Erlend ásókn í upplýsingar hefur knúið Seðlabankann til að setja reglur um þagnartímabil fyrir vaxtaákvörðanir. Greiningardeildir spá 25 til 50 punkta hækkun næst.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að setja á þagnartímabil í þrjár vikur fyrir útgáfu Peningamála og tvær vikur fyrir aðra vaxtaákvörðunardaga. Ákvörðun um þetta var tekin fyrir helgi að sögn Eiríks Guðnasonar seðlabankastjóra. Næsti vaxtaákvörðunardagur er 21. desember og fyrsta þagnartímabil bankans því þegar hafið.

Eiríkur segir það ekki síst vera fyrir ásókn greiningardeilda erlendra fjármálastofnana að þagnartímabilsleiðin hafi verið farin. „Þær hafa sóst hér eftir fundum og einhvern veginn hitt nákvæmlega á að vera svona skömmu fyrir ákvörðunardag,“ segir hann og bætir við að þekktist að sami háttur sé hafður á í öðrum seðlabönkum. Nú tjá starfsmenn bankans sig því ekki um stefnu hans eða efnahagsmál þegar að vaxtaákvörðun líður. „Við gefum út mikið efni með Peningamálum og nokkuð þegar aðrir ákvörðunardagar eru og okkur þykir það nóg. Svona framlag af okkar hálfu hefur stóruáhrif með Seðlabankalögum og framkvæmd þeirra og ætti að nægja,“ segir hann.

Greiningardeildir bankanna hér segja ákvörðun bankans skiljanlega og í raun sé með þessu lítið annað gert en að formgera fyrirkomulag

sem þegar hafi verið við lýði. Á fimmtudaginn eftir viku er aukavaxtaákvörðunardagur hjá Seðlabankanum, en í nóvember byrjun lét bankinn stýrivexti óbreytta í 14 prósentum, en hvað frekari hækkun í spilunum yrðu þróun efnahagsmála ekki hagfeld. Greiningardeildir bankanna gera allar ráð fyrir hækkun. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeilda Glitnis, segir flest það sem gerst hafi frá síðasta vaxtaákvörðunardegi ýta undir þörfina á hækkun og bendir þar bæði á gengisþróun og tölur um viðskiptahalla. Glitnir spáir 25 punkta hækkun. Landsbankinn telur að hækkunin gæti numið allt að 50 punktum, með fyrirvara um hvernig hagvaxtarmæling sem birt verður í dag kemur út. Þá gerir greiningardeild Kaupþings ráð fyrir 50 punkta hækkun og rekur þörfina á henni ekki síst til lítils aðhalds í nýsamþykktum fjárlögum. Bent er á að fjárlögin geri ráð fyrir töluefndri lækku skatta og hækkun útgjalda um leið. Greiningardeildin segist óttast að vegið sé nærri grunnafkomu ríkissjóðs sem muni hefna sín um leið og þensla gangi niður. „Ennfremur, virðast allir hemlar á fjárfestingum ríkisins vera að gefa eftir og gildir einu hvort um sé að ræða bein ríkisútgjöld eða einkaframkvæmdir á vegabótum,“ segir bankinn og bendir á að baráttan við verðbólgu sé enn í algleymingi.

Evran án aðildar að ESB

Peningalaust hagkerfi þar sem evran væri viðmiðunargjaldmiðill kann að vera leið sem hentar hér á landi, segir Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeilda Landsbankans. Hann stungur upp á því að hugað verði að vænleika þessarar leiðar, en með henni yrði tekið hér upp myntráð og vaxtaákvörðanir yrðu hér áfram sjálfstæðar að því marki að ákvörðunarvaldið lægi hjá Seðlabanka Íslands.

„Engin þjóð hefur enn sem komið er tekið upp peningalaust kerfi þó svo að fræðilega hafi þessi hugmynd verið á reiki innan hagfræðinnar í heila öld,“ segir Björn Rúnar í grein sinni um framtíðarskipan gjaldeyrismála hér.



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Björn Rúnar stungur upp á nýrri leið hvað varðar gjaldmiðil þjóðarinnar í viðamikilli grein í miðopnu blaðsins.

Hann telur þó að með aukinni tæknivæðingu og rafrænum greiðslum sé bara tímaspursmál hvenær skrefið verði tekið til fulls.

Björn Rúnar segir að þótt „dollaravæðing“ hafi fengið á sig óröð í Argentínu og myntráð hafi á margan hátt þótt gamaldags kunnir millivegurinn að henta hér.

Umræða um framtíð krónunnar sem gjaldmiðils hefur verið áberandi á árinu og forsvarsmenn fyrirtækja bent á að hún standi í raun í vegi fyrir erlendri fjárfestingu hér og að með jafn óstöðugan gjaldmiðil sé strik sett í allar rekstraráætlanir fyrirtækja sem viðskipti eiga við útlönd.

Sjá úttekt í miðopnu / - óká

120 ISSSÓ 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 13,1%*

GBP 5,2%*

USD 6,3%*

EUR 4,2%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyriseikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember - 1. desember 2006.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	25%	-25%
Actavis	0%	33%
Alfesca	-1%	25%
Atlantic Petroleum	1%	27%
Atorka Group	3%	3%
Bakkavör	2%	24%
FL Group	2%	26%
Glitnir	4%	36%
Hf. Eimskipafélagið	1%	-31%
KB banki	3%	13%
Landsbankinn	2%	6%
Marel	-1%	18%
Mosaic Fashions	-2%	-13%
Straumur	1%	10%
Össur	0%	-1%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Nýjar reglur losa um peninga

Stærri fjármálafyrirtæki kunna að geta losað um töluverða fjármuni í rekstri sínum eftir að um áramót taka gildi nýjar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja gildi. Reglurnar byggja á svenefndum Basel II staðli.

Guðrún Jónsdóttir hjá Fjármálaeftirlitinum áréttar að í engu sé slegið af í kröfum til fjármálafyrirtækja. Stærri fjármálafyrirtæki njóta þess hins vegar að vera með öflug áhættustýringartæki og eiga þess kost að koma á svokölluðu „innra matskerfi“ þar sem

FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ

áhætta er metin í samstarfi við Fjármálaeftirlitið.

„Í raun borgar sig samt ekki nema fyrir stærstu fyrirtæki að taka þetta upp,“ segir Guðrún og bendir á að því fylgi mikil vinna

og umfang. Kjósi fyrirtæki að taka upp innra mat tekur svo við þriggja ára aðlögunartími þar sem einungis er heimilt að trappa eigið fé fyrirtækisins niður um ákveðið hlutfall á ári hverju. Eftirlitsferlið sem í staðinn kemur á svo að tryggja að fyrirtækin hafi ávallt nægilegt eigið fé að styðjast við.

„Reglurnar sem við gefum út núna eru frá samtökum banka- eftirlita og snúa í raun að dálítið breyttum eftirlitsháttum,“ segir Guðrún, en þeir byggja í meira mæli á samstarfi fyrirtækjanna og eftirlitanna. - ók

Fremstir að mati S&P

Kaupthing Fund Global Value, sjóður í umsjá eignastýringar Kaupþings, fékk nýverið fjórar stjórnur af fimm í einkunn frá matsfyrirtækinu Standard & Poors. Þetta er hæsta einkunn erlendra hlutabréfasjóða hér.

Stjórnugjöfin endurspeglar ávöxtun að teknu tilliti til áhættu í samanburði við aðra sambærilega sjóði. Sjóðurinn var metinn gagnvart hópi 672 annarra.

Sjóðurinn, sem fjárfestir í 30-40 hlutabréfum í Bandaríkjunum, hefur hækkað um 48 prósent á undanförunum þremur árum. - eþa

Sterling selur viðhaldsþjónustuna

Norska lágjaldsflugfélagið Sterling, sem er í eigu FL Group, hyggst stofna nýtt félag undir nafninu Essential Aircraft Maintenance Services A/S (EAMS) utan um viðhaldsþjónustu sína. Félagið verður selt í tveimur hlutum á næstu sex mánuðum, þann 1. febrúar og 1. maí. Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling, segir þann háttinn hafðan á til þess að Sterling hafi áfram ákveðna stjórn yfir fyrirtækinu á meðan breytingarnar ganga í gegn.

Kaupendur nýja félagsins eru meðal annarra fyrrverandi

stjórnendur hjá SAS og aðrir sem hafa langa reynslu af viðhaldsrekstri, bæði í Skandinavíu og Evrópu, ásamt hópi fjárfesta. Nýja félagið mun, auk Sterling, sinna öðrum viðskiptavinum og sérhæfa sig sérstaklega í Boeing 737 og Airbus 320 flugvélum.

Almar segir söluna í takti við það sem önnur lágjaldsflugfélög hafa gert. Óvenjulegt sé að þau sinni viðhaldi á flota sínum sjálf. Það að nýja félagið muni jafnframt sinna öðrum viðskiptavinum feli í sér kostnaðarhagræðingu. - hhs

Verðmæti flaka jókst um 30%

Samanlagt útflutningsverðmæti fyrir fersk þorsk- og ýsuflök nam 10 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins. Þetta er 30 prósent aukning á milli ára, samkvæmt upplýsingum Landssambands smábátáeigenda.

Verðmæti þorsklaka hefur hækkað um 20 prósent en ýsuflaka um 16 prósent á milli ára. Til samanburðar jókst heildarmagn þorsklaka um 7 prósent en ýsuflaka um 15 prósent á sama tíma.



ÝSUFLAK Bretland er stærsti markaðurinn fyrir íslensk ýsuflök. MARKAÐURINN/E.ÓL.

Langmest af útfluttum flökum fór líkt og fyrr ár á markað í Bretlandi. Næstmest fer til Bandaríkjanna en þar á eftir kemur Frakkland en þangað fóru 8 prósent af útfluttum flökum á árinu - jab

FME semur um eftirlit Mön

Fjármálaeftirlitið undirritaði á mánudag samstarfssamning við fjármálaeftirlitið á Mön. Samningurinn tekur til samstarfs um eftirlit og upplýsingaskipti og er sá fyrsti sem Fjármálaeftirlitið gerir við eftirlitsaðila utan EES.

„Mön er þekkt fjármálamiðstöð og ég er ánægður með að við skulum vera búin ljúka þessum fyrsta samningi við ríki fyrir

utan EES, miðað við útrás bankanna verður þetta ekki síðasti,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME. Annað dæmi um starfsemi banka utan EES er nýstofna útibú Glitnis í Kína. Samningurinn við fjármálaeftirlitið á Mön er sagður til kominn vegna starfsemi dótturfélaga Kaupþings Singer & Friedlander á Mön. Samningurinn tekur þó til almenns samstarfs milli eftirlitsstofnananna. - ók

Selja stofnfé fyrir fimmtán milljarða

SPRON, SPV og SpKef vilja auka stofnfé sem styrkir eiginfjárstöðu sparissjóðanna. Heildarstofnfé í sparissjóðakerfinu nam sjö milljörðum um síðustu áramót.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Þrjár stærstu sparissjóðir landsins, SPRON, SPV/SPH og SpKef, ætla að selja nýtt stofnfé fyrir um 14,7 milljarða króna á næstunni. Þarna er um talsverða fjárhæð að ræða þegar haft er í huga að allt stofnfé í sparissjóðakerfinu nam tæpum sjö milljörðum króna um síðustu áramót.

Stofnfjárútgáfan styrkir eiginfjárstöðu sparissjóðanna og gerir þeim kleift að vaxa frekar. Hún býður einnig upp á þann möguleika að arðgreiðslur til stofnfjáreigenda aukist.

Fyrir síðustu helgi hófst tíu milljarða króna stofnfjárútbóð í SPRON þar sem núverandi stofnfé verður aukið um 90 prósent. Ef allt stofnféð selst verður heildarvirði stofnfjár um 20 milljarðar í SPRON. Þetta er önnur stofnfjárútgáfa í SPRON á þessu ári en í vor var nýtt stofnfé selt fyrir fimm milljarða króna.

Stjórn hins nýja sameinaða sparissjóðs SPH og SPV hefur

ákveðið að nýta heimild til stofnfjárútgáfa að fullu með því að selja nýtt stofnfé fyrir 3,7 milljarða króna. Útbóðslýsing er til yfirlestrar hjá FME en ekki liggur endanlega fyrir hvort stofnfjárútgáfan fari fram á þessu ári.

Þá liggur fyrir útbóðslýsing í Sparissjóðnum í Keflavík um sölu á stofnfé fyrir hálfan milljarð að nafnvirði samkvæmt heimild frá árinu 2003. Þetta samsvarar einum milljarði króna miðað við uppreiknað gengi stofnfjárbréfa sjóðsins. Útbóðið hefst þann 21. desember.

„Tilgangurinn með þessari sölu er að styrkja eiginfjárgrunn félagsins. Afkoma sparissjóðsins verður góð á þessu ári en aukinn stærð og meiri hagnaður taka í svokölluð eiginfjárhlutföll,“ segir Geirmundur Kristinsson, sparissjóðsstjóri í SpKef.

Jafnframt liggur fyrir fyrir stofnfjáreigendafundi í Spkef tillaga um að stjórn sparissjóðsins fái heimild til að gefa út nýtt stofnfé fyrir 700 milljónir króna að nafnvirði eða 1,4 milljarða að söluvirði.

Geirmundur segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um sölu þess hlutar samþykki fundurinn tillögunu.

Á fundinum verður lögð fram tillaga um breytingar á samþykktum sjóðsins vegna samruna við Sparissjóðinn í Ólafsvík. Þar er gert ráð fyrir að starfssvæði sparissjóðsins verði útvíkkað.

HÖFUÐSTÖÐVAR SPRON Í ÁRMÚLANUM Þrjár stærstu sparissjóðirnar ætla að selja nýtt stofnfé fyrir fimmtán milljarða króna að söluvirði.



LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.460.000
Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin

Í magnaðri sveiflu

Himinn og haf / SIA - 9061024



Það er ekkert lát á uppsveiflunni hjá SPRON Verðbréfum, því eins og sjá má af þessum nótum voru SPRON Verðbréf með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,11%***.

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON**. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 1. september til 1. desember 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingakostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Kýr rokseljast

Þó nokkuð er um að kýr gangi kaupum og sölum um þessar mundir. Í viðtali Bændablaðsins við Jóhannes Símonar-son héradráðunaut kemur fram að eftirspurn eftir þjónustu Kúatorgs Búnaðarsambands Suðurlands, þangað sem bændum gefst kostur á að leita ef þeir hyggjast kaupa eða selja kýr, hafi ekki verið ýkja mikil. Ástæðan sé sú að þeir hugi fyrst að markaði fyrir gripi sína innansveitar og verði oftast ágengt í þeim efnun.

Í greininni kemur fram að algengt verði á kvígum hafi

verið á bilinu 75 til 185 þúsund krónur. Nú sé gangverð á kvígum á fyrsta mjaltaskeiði um 120 til 130 þúsund krónur. - hhs



Kýr Kvígur á fyrsta mjaltaskeiði kosta 120 til 130 þúsund krónur.

Aflaverðmæti eykst

Heildaraflíslenskra skipa var 105 þúsund tonn í síðasta mánuði en það er ríflega sex þúsund tonnum og sex prósentum meira en fyrir ári. Heildaraflíslenska fiskiskipaflotans nemur 1.251 þúsund tonni það sem af er árs en það er 22 prósent samdráttur á milli ára.

Greiningardeild Glitnis segir samdráttinn skýrast af mun styttri loðnuvertíð á árinu. Á móti kom að herra hlutfall en áður fór til manneldis auk þess sem afurðaverð sé herra nú en í fyrria vegna lækkunar krónunnar og herra afurðaverðs á erlend-



FISKISKIP Greiningardeild Glitnis býst við herra aflaverðmæti á árinu þrátt fyrir samdrátt í veiðum. MARKAÐURINN/GVA

um mörkuðum, sem er í sögulegu hámarki. Megi því búast við herra aflaverðmæti á árinu í heild þrátt fyrir aflsamdrátt á milli ára, að mati Glitnis. - jab

Opna í Svíþjóð

Samskip hafa opnað þriðju söluskrifstofuna í Svíþjóð, en hún er í Helsingborg. Hinar skrifstofurnar eru í Gautaborg og Varberg.

Söluskrifstofur Samskipa eru við þetta orðnar 56 talsins í fjórum heimsálfum, auk umboðsmanna víða um heim.

Samskip bjóða vikulegar siglingar frá Varberg til Íslands, með viðkomu í Árósum og Þórshöfn í Færeyjum, auk umfangsmikilla gáma- og lestarflutninga milli Svíþjóðar og meginlands Evrópu sem og austur til Eystrasaltslandanna og Rússlands. - ók

Engar breytingar á Úrvalsvisitölunni

Engar tilfærslur urðu á félögum inn eða út úr nýrri Úrvalsvisitölu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní á næsta ári. Sömu fimmtán félög og skipuðu eldri Úrvalsvisitölu sitja því sem fastast áfram.

Tvisvar á ári eru tólf til fimmtán félög valin inn eftir ákveðnum reglum sem byggjast á gögnum um viðskipti frá 1. desember árið 2005 til 30. nóvember í ár.

Kaupþing banki hefur mesta vægi allra félaga í visitölunni, að 34 prósentum, en bæði Landsbankinn og Glitnir hafa rúmlega fjórtán prósent vægi. Fyrirfram hafði greiningardeild Kaupþings reiknað með að Icelandic Group tæki sæti Atlantic Petroleum en sú varð ekki raunin. - eþa

ÚRVALSVÍSITÖLU-FÉLÖGIN	
Vægi í visitölu miðað við 30.11.2006	
Kaupþing	34,55
Landsbankinn	14,85%
Glitnir	13,29%
Actavis	9,31%
Straumur-Burðarás	7,45%
Bakkavör	6,54%
FL Group	5,11%
Mosaic Fashions	2,48%
Össur	1,21%
Atorka	1,18%
Alfesca	1,10%
Hf. Eimskipafélag Íslands	1,03%
Marel	0,79%
Atlantic Petroleum	0,64%
365 hf.	0,47%



SAUBFÉ Bændur greiða um 200 þúsund krónum meira fyrir áburðinn í ár en í fyrria.

Áburðarverð hækkar

Gera má ráð fyrir að bændur greiði nú um tvö hundruð þúsund krónum meira á ári fyrir áburðinn en þeir gerðu í fyrria. Könnun sem Búnaðarsamband Suðurlands lét gera nýverið og Bændablaðið segir frá leiðir í ljós að áburðarverð hefur hækkað verulega milli ára. Er hækkunin á bilinu tíu til sautján prósentum.

Áætlað er að þau fjögur fyr-

irtæki sem bitast um áburðarmarkaðinn, Áburðarverksmiðjan, Betra land, Skeljungur og Sláturfélag Suðurlands, annist sölu á um 55 til 60 þúsundum tonna af áburði hér á landi árlega. Áburðarsalar hafa skýrt verðhækkunina með gengisþróun hér á landi og hækkun flutningskostnaðar í kjölfar olíuverðshækkana. - hhs

Farice 2 lagður fyrir ríkisstjórn á föstudag

Samgönguráðherra kynnr í vikulokin fyrir ríkisstjórn tillögur varðandi lagningu nýs sæstrengs til viðbótar við Farice-1.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Nefnd sem samgönguráðherra skipaði í vor leggur, samkvæmt heimildum Markaðarins, til að ráðist verði sem fyrst í lagningu nýs sæstrengs með aðkomu ríkisins til að tryggja öryggi gagnaflutninga til og frá landinu. Nýr strengur kæmi til viðbótar Farice-1 sæstrengnum sem tekinn var í notkun í febrúarbyrjun 2004 og svo tenginga um Cantat-3 sæstrenginn sem kominn er til ára sinna.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kemur til starfa í dag eftir vinnuferð til útlanda og tekur við skýrslu nefndarinnar, en í henni eiga sæti fulltrúar Farice, Símans, Vodafone, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins. Á föstudag er svo stefnt að því að ráðherra kynni tillögur nefndarinnar í ríkisstjórn og að þær verði svo í kjölfarið gerðar opinberar. Ætlað er að kostnaður við lagningu nýs sæstrengs nemi um þremur milljörðum króna.

Verkefni nefndarinnar var að huga að því hvort og hvernig koma ætti á varasambandi við útlönd um sæstreng og hvaða leiðir væru færar í þeim efnun, bæði hvað varðaði fjármögnun og rekstur. Velt er upp mögulegu samstarfi við fyrirtæki og eins önnur lönd, en Farice-sæstrengurinn var sem kunnugt er lagður í samstarfi fjarskiptafyrirtækja hér heima og í Færeyjum auk aðkomu ríkisins. Líklegt er að sérstaklega sé horft til samstarfs við Færeyjar, en þar hefur þegar verið ákveðið að ráðast á næsta ári í lagningu nýs sæstrengs til viðbótar við Farice-strenginn. Kjósi stjórnvöld hér að efna til samstarfs við Færeyja og fá að samnýta þann streng þurfa þau því væntanlega að bregðast skjótt við. Þann streng á að leggja til Skotlands, líkt og Farice-1 strenginn, en stefnt er að því að færeyski strengurinn nýi verði kominn í rekstur í nóvember á næsta ári.

Forsvarsmenn upplýsingatæknifyrirtækja hafa bent á nauðsyn þess að hér sé tryggt öryggi gagna-



NÚTÍMINN ER STAFRÆNN Í skýrslu þar sem fjallað var um möguleikann á því að koma hér upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð er örugg gagnatenging við útlönd sögð ein af grunnforsendum. Til að viðkvæm starfsemi þrífist hér þarf að sýna fram á að óheppilegt botnvörputog geti ekki kipt landinu úr sambandi. MARKAÐURINN/AFP

flutninga. Þannig hefur Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, framleiðandi tölvunetleiksins EVE Online, sagt skort á slíkri tengingu hafa verið ráðandi í að allir miðlarar leiksins voru settir upp í lundunum.

Í niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi hér, sem kynnt var í byrjun síðasta mánaðar, er einnig bent á að í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum 2005-2010 komi fram að „fjarskiptasamband milli Íslands og útlanda sé viðkvæmt fyrir óvæntum áföllum, svo sem bilunum eða skemmdarverkum, og staðan því óásættanleg til lengri tíma litið vegna viðskiptahagsmuna og þjóðaröryggis“. Staðan er sögð geta hamlað því að innlend og erlend fyrirtæki teldu sér fært að ráðast í að byggja hér upp þjónustu sem krefðist öruggar tengingar við umheiminn. Nefnd forsætisráðherra taldi því mikilvægt að hefja hið fyrsta lagningu á nýjum sæstreng. Ljóst er af viðræðum við þá sem til þekkja að almennt séu menn sammála um nauðsyn þess að leggja nýjan streng og því viðbúið að mjög fljótlega verði tekin ákvörðun um að ráðast í verkið.

 Myntlán



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt SPRON Myntlán eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

 spron

ASUS

Sarotech

PHILIPS

OCZ

TRENDNET

Tölvugjafir

- allt fyrir áhugamanninn



ASUS

Asus Pundit

- 3.33GHz Intel Celeron örgjörvi
- 512MB OCZ DDR2 minni
- DVD ± R/RW 16x4x16 Dual layer drif
- 250GB SATA harður diskur
- ATI Radeon Xpress 200 skjákort
- Innbyggt 10/100 netkort
- Innbyggður kortalesari
- Fjöldi tengja að framan
- Windows XP Home

Verð kr. 59.990



Asus T2 BORDTÖLVA

- 3.0GHz Intel P4 531 LGA775 örgjörvi
- 1GB OCZ DDR2 533MHz Dual Channel minni
- DVD ± R/RW 16x8x16 Dual Layer drif
- Innbyggt hljóðkort
- 250GB harður diskur
- Intel 945G skjástýring
- Innbyggt Gbit netkort
- Windows XP Home OEM
- Innbyggt útvarp

Verð kr. 69.990



SONY

Sony VAI011NS/W FARTÖLVA

- Intel Core Duo T2050 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+-RW skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár
- Intel Graphics Media Accelerator 950
- Windows Media Center Edition
- Þráðlaust netkort

Tilboðsverð kr. 149.990

Fullt verð kr. 169.990



Logitech X-230 HÁTALARAKERFI

32W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox - Frábær hljómur.

kr. 5.990

Sarotech Abigs 3.5" SJÓNVARPSFLAKKARI

Sjónvarpsflakkari, spilar kvikmyndir, þætti, tónlist og ljósmyndir í sjónvarpinu þínu.

kr. 15.990

Sarotech Abigs 3.5" Sjónvarpsflakkari - HiDef - Lan

Sjónvarpsflakkari - þessi gerir allt saman. DVI og 10/100 LAN tengi, 1920x1080 high definition, LCD skjár.

kr. 29.990

Sarotech 3.5" USB2 FLAKKARI

Flakkari USB2.0 úr áli með innbyggðum straumbreyti. Viftulaus. Taska fylgir með. Góður hugbúnaður fylgir - Auðvelt að taka afrit.

kr. 3.990

Razer Copperhead Chaos Green LEIKJAMÚS

Hraðvirk leikjamús sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga. 2000 dpi Razer Precision™ laser 1000Hz með 1 ms svartíma.

kr. 5.990

Asus 7300LE PCI-E 64MB - DVI - DUAL VGA - PCIe

PCI Express skjákort - sjónvarps útgangur.

kr. 5.990

Philips SPC200 VEFMYNDAVÉL 640x480

Vefmyndavél - 640x480 punkta upplausn - 30 fps í video - 24bita litadýpt - Gott í MSN og Skype - míkrafónn fylgir - Philips gæði.

kr. 3.990

Canon iP3300 4 hylkja PRENTARI

Canon iP3300, 4 hylkja, 4.800x1.200dpi, full blæðing, 25bls í svörtu, 17bls í lit, ChromaLife100, Direct Print, USB 2.0.

kr. 9.990

Canon Smartbase MP500 FJÖLNOTAPRENTARI

Canon All-in-One MP500 skanni 1200x4800dpi, blekprentari 9600x2400dpi, 19-29 bls/mín, duplex, CL100.

kr. 19.990

19" LCD Philips 190S TÖLVUSKJÁR

19" LCD Tölvuskjár - Upplausn: 1280x1024 punktar - Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms - Birta: 250cd/m2 og sjónsvið (H/V): 160/160° - Borðstandur fylgir.

kr. 29.990

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS


Airbus fyrir FedEx

Frederick Smith, forstjóri bandarísku póstflutningaþjónustunnar FedEx, sagði í samtali við franska viðskiptablaðið Les Echos í byrjun vikunnar, að fyrirtækið hefði enn hug á að kaupa A380 fraktflugvélar frá evrópsku flugvélaframleiðslufyrirhúsi Airbus.

Smith greindi ekki nákvæmlega frá því

hversu margar vélar fyrirtækið myndi kaupa.

FedEx afpantaði nýverið tíu fraktflugvélar af sömu gerð frá Airbus og sagði Smith, að það hefði verið gert til að létta undir með EADS, móðurfélagi Airbus, sem greint hefur frá tögum á afhendingu vélanna. - jab



A380 POTÁ FRÁ AIRBUS
Póstflutningafyrirtækið hefur hug á að kaupa þotur frá Airbus þótt það hefði afpantað 19 þotur fyrir skömmu.

Sátt í vafasamri rannsókn HP

Bandaríski tölvuframleiðandinn Hewlett-Packard hefur samþykkt að greiða 14,5 milljónir bandaríkjadala eða einn milljarð króna, í sáttgreiðslu til að ljúka málsókn á hendur æðstu stjórnendum fyrirtækisins. Stjórnendurnir voru sakaðir um að láta njósna um aðra stjórnarmenn og starfsmenn HP. Patricia Dunn, stjórnarformaður HP, neyddist til að segja af sér vegna málsins.

Æðstu stjórnendur HP eru sakaðir um að hafa beitt vafasömum aðferðum til að komast fyrir leka af stjórnarfundum fyrirtækisins. Patricia Dunn, stjórnarformaður HP, var meðal annars sökuð um að hafa látið njósna um aðra stjórnarmenn, látið hlera síma þeirra og skoða tölvuskeyti starfsmanna. Hún sagði af sér eftir að málið komst í hámeði í september.

Rannsóknin leiddi í ljós að einn stjórnarmanna lak fréttum



PATRICIA DUNN Á LEIÐ Í RÉTTARSAL
Innanhúsrannsókn bandaríska tölvuframleiðandans HP leiddi til þess að stjórnarformaður fyrirtækisins varð að segja af sér. Markaðurinn/AFP

af stjórnarfundum til fjölmiðla. Hann neitaði að segja af sér en hefur gefið kost á sér í stjórnina á nýjan leik.

Í bandarískum fjölmiðlum í lok síðustu viku segir að dómsyfírvöld vestanhafs muni ekki leggja fram ákæru á hendur núverandi og fyrrverandi stjórnendum fyrirtækisins vegna málsins en fyrirtækið mun áfram verða undir smásjá bandarískra dómsyfírvalda. - jab

GM dregur úr framleiðslu jeppa

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors hefur ákveðið að draga úr framleiðslu á stærri gerðum sportjeppa af gerðinni Chevrolet og GMC. Ákvörðunin var tekin vegna mun minni sölu á bílum af þessari gerð en áætlanir gerðu ráð fyrir, aukinnar samkeppni frá Japan og herra eldsneytisverðs.

Stjórnendur bílaframleiðandans segja eftirspurn eftir sportjeppum stöðuga en komið verði í veg fyrir að birgðir af bílum aukist mikið með því að draga úr framleiðslu á þeim.

Ekki liggur fyrir hvort til u p p -



CHEVROLET SUBURBAN FRÁ GM
Sala á sportjeppum hefur verið mun minni en áætlanir gerðu ráð fyrir, meðal annars vegna hækkunar á eldsneytisverði. MARKAÐURINN/GETTYIMAGES

sagna komi vegna þessa hjá General Motors, en minni sala á bílum hefur haft þær afleiðingar í för með sér að neikvæð afkoma fyrirtækisins hefur aukist ár frá ári.

Sportjeppar GM hafa sætt harðri gagnrýni frá hendi umhverfisverndarsinna allt frá því þeir komu fyrst á markað en þeir þykja miklir bensínsvelgir.

Í kjölfar mikilla hækkana á eldsneytisverði á seinni hluta ársins dróst sala á jeppum talsvert saman. GM er ekki eitt um samdráttinn því svipaða sögu er að segja af jeppasölu hjá Ford. Á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur salan dregist saman um 5,5 prósent. Hún hríðféll hins vegar í nóvember þegar salan dróst saman um rúm 15 prósent á milli mánaða. - jab

Brasilíumenn að kaupa Corus?

Slagurinn um bresk-hollenska stálframtækni Corus harðnaði þegar brasilíski stálframleiðandinn CSN gerði yfirtökutilboð í fyrirtækið aðfaranótt mánudags. Tilboðið hljóðar upp á 4,9 milljarða punda eða um 667 milljarða íslenskra króna.

Verði af kaupum CSN á Corus verður til fimmti stærsti stálframleiðandi í heimi með 24 milljóna tonna framleiðslugetu á ári.

Tilboðið kom nokkuð á óvart enda hafði indverski stálframleiðandinn Tata Steel, sem fram til þessa hefur verið orðaður við



EIN AF VERKSMÍÐJUM CORUS
Tveir stálframleiðendur hafa keppt um að gera yfirtökutilboð í bresk-hollenska stálframtækni Corus. MARKAÐURINN/AFP

Corus, fengið samþykki stjórnar Corus fyrir yfirtökutilboðinu í félagið nokkrum klukkustundum fyrir.

Síðasta tilboð Tata Steel hljóðaði upp á 500 pens fyrir hvern hlut í Corus eða jafnvirði 640 milljarða íslenskra króna. Tilboð CSN var hins vegar 15 pensum herra og hefur verið haft eftir talsmanni fyrirtækisins að stjórn Corus hefði mælt með því við hluthafa stálframleiðandans að þeir tækju tilboðinu.

Kapphlaupið um Corus hefur keyrt verið upp á bresk-hollenska stálframleiðandanum en gengið hækkaði um 5,5 prósent á markaði í dag. Gengið stendur nú í 527,75 pundum á hlut sem er 12,75 pensum yfir tilboði CSN. - jab

Búið við hörðum slag um Delta

Bandaríska flugfélagið Delta hyggst selja eignir til að komast hjá gjaldproti og forðast yfirtöku.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Flugfélög í Bandaríkjunum búast við hörðum slag verði eignir seldar undan bandaríska flugfélaginu Delta.

Delta hefur átt við mikla rekstraröruggleika að stríða og fóru stjórnendur félagsins fram á greiðslustöðvun á síðasta ári. Fyrir um mánuði síðan gerði bandaríska flugfélagið US Airways 8 milljarða dala óvinveitt yfirtökutilboð í Delta en það svarar til um 566,8 milljarða íslenskra króna. Verði af samruna verður til eitt stærsta flugfélag í heimi.

US Airways er sjöunda stærsta flugfélag Bandaríkjanna en hjá því starfa 35.000 manns. Delta er hins vegar þriðja stærsta flugfélag landsins með 47.000 starfsmenn.

Í kjölfar þess að yfirtökutilboðið var lagt fram í nóvember greindi Gerald Grinstein, forstjóri Delta, og aðrir stjórnendur flugfélagsins, frá því að þeir ynnu að því hörðum höndum að koma í veg fyrir að hluthafar Delta taki tilboði US Airways. Þá segjast þeir enn fremur vera að vinna að því eftir fremsta megni að vinna stuðning lánadrottna, því þörf væri á stífri hagræðingu í rekstri flugfélagsins til að forða því frá gjaldproti.

Hvað sem verður er reiknað með að eignir flugfélagsins verði seldar frá því í hagræðingarskyni á helstu flugvöllum vestanhafs fyrir allt að 8,6 milljarða bandaríkjadala eða um 600 milljarða íslenskra króna.

Paul Tate, fjármálastjóri bandaríska lággjaldaflugfélagsins Frontier, segir harða baráttu um eignirnar fram undan.



EIN AF VÉLUM DELTA
Stjórn bandaríska flugfélagsins Delta íhugar að selja hluta af eignum félagsins til að forða því frá gjaldproti. Önnur flugfélög hafa hug á eignunum. MARKAÐURINN/AFP

Tate segir Frontier ætla að fylgjast grannt með þróun mála og séu líkur á að félagið festi sér einhverjar eignir, sér í lagi þær sem verði seldar á vesturströnd Bandaríkjanna.

„Ef einhverjar eignanna höfðu til okkar þá munum við kanna málið. En við vitum að önnur flugfélög horfa á sömu eignir,“ sagði Tate og lagði áherslu á að hart yrði barist um eignir Delta.

Nissan framleiðir umhverfisvæna bíla

Japanski bílaframleiðandinn Nissan Motors svipti hulunni af umhverfisvænum bíl sem gengur fyrir etanólblöndu á bílasýningu í Los Angeles í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Framleiðsla hefst á næsta ári. Bíllinn er liður í bættari umhverfisstefnu fyrirtækisins en vél hans byggist á tækni frá Toyota, einum helsta keppinauti Nissan í Japan.

Nissan kynnti sömuleiðis í vikunni nýja áætlun til næstu fjögurra ára sem draga á úr útblæstri bíla. Eftir 2010 vonast fyrirtækið til að kynna til sögunnar rafmagnsbíl, en hann yrði sá fyrsti



VARAFORSTJÓRI NISSAN VIÐ BÍLINN
Nissan ætlar að setja umhverfisvænan bíl á markað á næsta ári. MARKAÐURINN/AFP

sinnar tegundar í Japan.

Nissan hefur hafið samstarf við franska bílaframleiðandann Renault um smíði á tveggja lítra bíl, sem líta mun dagsins ljós á

fyrri helmingi næsta ári. Nissan stóð framarlega á tæknisviðinu í japanska bílaönaðinum á árum áður. Með bættari umhverfisstefnu og markmiðum til næstu ára sem stuðla eiga að minni útblæstri stefnir fyrirtækið að því að verða leiðandi á sviði umhverfisvænna og sparneytinna bíla á heimsvísu. Sérstaklega er horft til bandaríska markaðarins en ökutækjaeigendur þar í landi hafa margir snúið baki við bandarískum bensínsvelgjum í kjölfar snarpra hækkana á eldsneyti á þessu ári og horfa til sparneytinna japanskra bíla. - jab

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Bréfin sem tryggja gott gengi

Sláðu í gegn hjá starfsfólkinu með réttu jólagjöfinni!

» Það getur bæði verið erfitt og tímafrekt að velja jólagjafir handa sínum nánustu, hvað þá að velja gjafir handa starfsmönnum fyrirtækisins. Iceland Express býður nú hagkvæma og fyrirhafnarlitla lausn sem tekur engan tíma frá fyrirtækinu.

Gjafabréf Iceland Express kostar aðeins 19.900 kr. og gildir sem flugferð til hvaða áfangastaðar Iceland Express sem er, fram og tilbaka*. Ef handhafi gjafabréfsins hefur ekki bókað ferð fyrir 1. febrúar 2007 breytist gjafabréfið í inneign sem gildir í tvö ár. Hringdu í síma 5 500 600 eða skrifaðu beiðni á netfangið jolagjafabref@icelandexpress.is og við útbúum bréfin og sendum til fyrirtækisins.



*Takmarkað sætaframboð.

» Jólagjafabréf:

19.900 kr. Báðar leiðir með sköttum



ICEQ – allur markaðurinn í einu kasti

Á morgun eru tvö ár liðin síðan ICEQ, eini íslenski kauphallarsjóðurinn, hóf göngu sína. Ávöxtun sjóðsins, sem tekur mið af ICEX 15 cap, hefur verið umfram ávöxtun vísitölunnar í heild og flestra félaga.

Eggert Þór Aðalsteinsson ræddi við forsvarsmenn ICEQ sem stefna að mikilli stækkun sjóðsins.

Á morgun fagnar ICEQ, eini íslenski kauphallarsjóðurinn, tveggja ára afmæli sínu. ICEQ, sem er leitt af orðunum Icelandic Equity, er verðbréfa- og vísitölusjóður sem er skráður í Kauphöll Íslands og er sambærilegur við vísitölusjóðina QQQQ og SPY sem margir fjárfestar kannast við.

„Fyrir fjárfesta sem hafa áhuga á að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum er ICEQ góður kostur,“ segir Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri Eignastýringarsviðs Kaupþings banka. Á þessum tímamótum blása forsvarsmenn ICEQ, sem er í vörslu Rekstrarfélags Kaupþings, til sóknar með kynningarátaki og stefna að mikilli stækkun hans og fjölgun fjárfesta.

Meðal þeirra aðgerða sem forsvarsmenn Kauphallarsjóðsins ætla að ráðast í er að auka seljanleika hans enn frekar sem auðveldar aðkomu erlendra fjárfesta að íslenska markaðnum.

KAUPPING MYNDAR ÞAK

Forsvarsmenn ICEQ hrósa stjórnendum Kauphallarinnar fyrir þá framsýni að hafa fyrir þremur árum verið byrjaðir að kanna að koma á fót kauphallarsjóði. Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi kauphallarsjóða um allan heim á undanförunum árum og flest bendir til þess að sá vöxtur muni halda áfram á næstu árum segir Sigþór Jónsson, sjóðstjóri hjá Rekstrarfélagi Kaupþings. Viðmiðunarvísitala sjóðsins er ICEX15-cap en samkvæmt henni fer stærsta félagið ekki yfir 35 prósent af heildareignum. Vægi Kaupþings, stærsta félagsins á innlendum hlutabréfamarkaði, í Úrvals vísitölunni er eins og staðan er í dag umfram 35 prósent og er því sett þak á Kaupþing við 34,0 prósent í ICEX-15 cap og jafnframt við níttján prósent hjá öðrum félögum. Umframvægi er því dreift hlutfallslega á önnur félög í vísitölunni sem eru að öðru leyti þau sömu og mynda Úrvals vísitöluna. Vísitalan er reiknuð vikulega með tilliti til þaksins en það getur gerst innan vikunnar að Kaupþing fari yfir 35 prósent vegna breytinga á markaði.

TÆPLEGA TVÖFALDAST Í ÁVÖXTUN

Frá stofnun ICEQ hefur sjóðurinn nánast tvöfaldast í ávöxtun. „Almennt þá hafa markaðsaðilar notað ICEQ eins og þeir horfa á einstök hlutabréf. Þannig hafa fjárfestar með einum viðskiptum náð að fjárfesta í öllum markaðnum til skamms tíma. Við lítum ekki svo á að við séum í samkeppni við aðra sjóði heldur keppum við í raun fyrst og fremst við hlutabréfin,“ segir Sigþór. Frá lokum árs 2004 til 30. nóvember í ár sýndi sjóðurinn um 90 prósent ávöxtun og höfðu aðeins sex félög



Á MYNDINI ERU FRÁ VINSTRI SIGÞÓR JÓNSSON, GUÐJÓN ÁRMANN GUÐJÓNSSON OG JÓHANN MÖLLER, SEM ALLIR ERU SJÓÐSSTJÓRAR INNLENDRA HLUTABRÉFA HJÁ KAUPPINGI OG ÞÓRARINN SVEINSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI EIGNASTÝRINGARSVIÐS KAUPÞINGS. Stærstu notendur kauphallarsjóða eru stofnanafjárfestar. Forvígismenn ICEQ sjá mikil tækifæri í því að fá erlenda fjárfesta inn í sjóðinn.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

skilað betri ávöxtun: FL Group, Bakkavör, Landsbankinn, Sláturfélag Suðurlands, Glitnir og TM. Þar af eru tvö þeirra með óskilvirka verðmyndun. Meginþorri félaga er því undir ávöxtun ICEQ.

Í SAMKEPPNI VIÐ HLUTABRÉF

Það að líta svo á að helstu samkeppnisaðilar sjóðsins séu einstök hlutafélög lýsir kannski best þeirri fjárfestameningu sem er við lýði hérlendis. Allir virðast hafa skoðun á einstökum félögum sem eru skráð á markaði og fjárfesta því í þeim fremur en sjóðum. „Það er mjög einstakt við íslenska markaðinn að hlutfall eignarinnar er vel innan við fimm prósent af markaðnum. Þessu er alveg öfugt farið í Bandaríkjunum. Þetta gæti breyst með stærð og þroska íslenska markaðarins en hafa ber í huga að fá félög bera hann uppi að mestu leyti,“ segir Sigþór. Þessi hugsunarháttur Íslendingar er forvitnilegur. „Fjárfestar eru tilbúnir til að kaupa í einstökum félögum í þeirri von að sigra markaðinn í stað þess að kaupa í sjóðum sem fylgja markaðnum að mestu leyti hvað ávöxtun snertir.“

Forsvarsmenn ICEQ líta því á sjóðinn sem hvert annað hlutabréf og því ætla þeir að auka kynningu hans til muna á næstu mánuðum eins og áður sagði.


AUÐVELDAR AÐGENGI ERLENDRA FJÁRFESTA

„Okkar markmið eru þau að ICEQ sé afurð sem er auðveldast að eiga viðskipti með, bæði fyrir stóra sem smáa fjárfesta,“ segir Guðjón Ármann Guðjónsson, sjóðsstjóri hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka. Hjá ICEQ liggja tækifærin meðal annars í því að fá erlenda fjárfesta sem eru oft tilbúnir að fikra sig inn á nýja markaði með kaupum á kauphallarsjóðum. Erlendir fjárfestar eru lítt sýnilegir á íslenska markaðnum en hefur farið fjölgandi til að mynda með nýlegu hlutafjárútbóði Kaupþings. Stofnanafjárfestar eru stærstu notendur kauphallarsjóða í heiminum. „Þú ert að ná öllum markaðnum í einu kasti. Kaupir bréfin á markaði eins og önnur hlutabréf og getur selt þegar þér hentar,“ segir Guðjón Ármann ennfremur og bætir við að sjö stærstu félögin vega yfir 90 prósent af ICEQ.

MIKILL SELJANLEIKI

Þá er seljanleiki ICEQ mikill og hefur frá stofnun munað að meðaltali um hálfu prósent á kaup- og sölutilboðum sem er það næstmínsta af félögum á markaðnum. Aðeins Kaupþing er með minna verðbil. Stefnt að því að auka seljanleika enn frekar og er mikil áhersla lögð á öflugna viðskiptavakt við rekstur sjóðsins; lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða er 75 milljónir króna að markaðsvirði og viðskiptavakinn skuldbundinn til að kaupa og selja allt að hálfan milljarð á dag, en hinsvegar er engin lágmarksupphæð viðskipta fyrir fjárfesta. Með áformum um eflingu sjóðsins mun seljanleikinn aukast. „Okkar markmið er að fara með verðbilið enn neðar. Fyrir fjárfesta ætti ICEQ að vera einn besti kosturinn á innlendum hlutabréfamarkaði. Við erum búnir að reka sjóðinn í tvö ár og höfum náð góðum árangri með sjóðinn; ávöxtun hefur verið góð, seljanleiki mikill, lítið verðbil á markaði og fjárfestar hafa verið þakklátir fyrir að geta átt viðskipti með íslenskan hlutabréfasjóð í rauntíma,“ segir Sigþór að lokum.

ÁVÖXTUN ICEQ FRÁ STOFNUN Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR FÉLÖG Á MARKAÐNUM AÐ TEKNU TILLITI TIL ARÐGREIÐSNA



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is


ROLEX



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST

WWW.ROLEX.COM

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

Leiðin inn í evruna?

forsvarsmenn stærri fyrirtækja á markaði gjarnan bent á að hún áætlanir fyrirtækja sem eiga viðskipti við útlönd. Björn Rúnar sýnir sinni upp nýrri hugmynd um framtíðarskipan gjaldeyrismála og myntráð þyki á margan hátt gamaldags og þunglamaleg leið um leið og Íslandi yrði breytt í peningalaust hagkerfi.



myntráð útelt og úr sér gengin er vert að gefa henni aðeins betri gaum. Með því að sníða fyrirkomulagið að þeim aðstæðum sem ríkja hér á landi gæti fyrirkomulag sem er eins konar blanda myntráðs og „dollariseringar“ verið einfaldasta leiðin til þess að taka upp evru án þess að gerast aðili að myntbandalaginu. Vel má vera að hægt sé að slá nokkrar flugur í einu höggi, þ.e. breyta yfir í evru, taka upp nýstárlegt fyrirkomulag í peningamálum og umbreyta starfsemi Seðlabankans með einni allsherjar skipulagsbreytingu.

Í grófum dráttum væri um að ræða útfærslu með þeim hætti að í stað þess að festa krónuna við evru, eins og yfirleitt er gert þegar um hefðbundið myntráð er að ræða, væri evran tekin upp sem viðmiðunargjaldmiðill á ákveðnu gengi en jafnframt yrði Íslandi breytt í peningalaust hagkerfi þar sem eingöngu yrði notast við rafrænar færslur í viðskiptum og í bankakerfinu. Seðlar og mynt yrðu því einfaldlega lögð niður í núverandi mynd og evran tekin upp í staðinn sem lögbundin mynt.

Að breyta yfir í peningalaust hagkerfi er ekki eins fjarstæðukennt og það kann að hljóma í fyrstu. Tæknipróun í bankaþjónustu og viðskiptum almennt hefur nú þegar dregið mjög úr notkun seðla og myntar hér á landi og er Ísland sennilega komið hvað lengst í þessari þróun. Hlutfall seðla og myntar í umferð er með því lægsta sem þekkt. Í nágrannalöndunum er alengt að hlutfall seðla og myntar miðað við landsframleiðslu sé nálægt 10 prósentum. Á Íslandi hefur þetta hlutfall verið um 2,5 prósent um alllangt skeið. Þessu til viðbótar má nefna að hér á landi er þegar til staðar kerfi í eigu bankanna sem býður upp á rafræna smámynt sem hægt er að taka í notkun með litlum fyrirvara. Slíkt kerfi myndi færa okkur enn lengra í átt að peningalausum hagkerfi. Það má því segja að við höfum ákveðið samkeppnisforskot á aðrar þjóðir hvað þetta varðar.

Hagræðið af því að breyta yfir í peningalaust hagkerfi við þessar aðstæður er augljóst þar sem slík útfærsla á myntbreytingu felur í raun í sér eins afgerandi upptöku á hinna nýju mynt og hægt er, án þess að um beina aðild að myntbandalaginu sé að ræða. Seðlabankinn yrði áfram til staðar og réði yfir gjaldeyrisforða í evrum. Hversu hár slíkur gjaldeyrisforði þyrfti að vera er erfitt að segja til um, en stærðargráða nálægt 10 prósentum af landsframleiðslu gæti verið nærri lagi.

Auk þess að tryggja eins fasta tengingu við evruna og unnt er innan ramma einhliða evruvæðingar má nefna að peningalaust hagkerfi yrði væntanlega til þess að draga úr umfangi ólöglegra viðskipta. Að líkindum fer stór hluti þeirra viðskipta þar sem undanskot frá skatti eiga sér stað, fram með uppgjöri í seðlum sem nánast ómögulegt er að rekja. Í peningalausum kerfi yrðu slík viðskipti erfiðari en áður þó svo að í reynd megi búast við því að evruseðlar yrðu í einhverjum mæli notaðir í þessu skyni.

Líklegt er að nokkur hluti þjóðarinnar ætti erfitt með að skipta algerlega yfir í rafrænar færslur svo sem eldra fólk sem ekki hefur enn tileinkað sér að fullu allar tæknibreytingar á þessu sviði. Til að koma til móts við þennan hóp gæti því þurft að innleiða evruseðla í takmörkuðu magni. Í raun yrði því ekki um algerlega peningalaust kerfi að ræða í upphafi heldur yrði seðlanotkun haldið í lágmarki.

Spurningin um á hvaða gengi eigi að breyta úr íslenskum krónum yfir í evrur er eins og gefur að skilja nokkuð snúin. Ekki er meiningin að fjalla um þennan þátt sérstaklega en gengi krónunnar um þessar mundir er sennilega ekki langt frá langtíma jafnvægisgildi.

HLUTVERK NÝS SEÐLABANKA

Eftir er að huga að hlutverki Seðlabankans í þessu nýja fyrirkomulagi. Fyrir liggur að engir innlendir seðlar eða mynt eru til staðar og því ekki þörf á umsýslu í tengslum við slíka útgáfu. Hins vegar þarf að huga að daglegum rekstri íslenska fjármálakerfisins og það yrði meginhlutverk Seðlabankans (Nafnabreyting væri vissulega við hæfi). Eðlilegast væri að breyta starfsemi Seðlabankans í takt við það sem gert hefur verið í nokkrum löndum svo sem Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi og lýst er í grein Jóns Steinssonar: Stjórnþæki peningamála og skilvirkni peningamarkaðarins, Peningamál 2004/3.

Í grófum dráttum felur slíkt fyrirkomulag í sér að Seðlabankinn sér um rekstur greiðslukerfis með svipuðum hætti og gert er í dag. Greiddir eru vextir af grunnfé en jafnframt er magni grunnfjár haldið óbreyttu frá degi til dags. Sú krafa er gerð til allra aðila í greiðslukerfinu, þ.e. viðskiptabankanna, að í lok dags séu þeir hvorki í skuld, né eigi inneign í kerfinu. Kerfið er jafnframt sett þannig upp að byggður er inn hvati fyrir þá sem eru með neikvæða stöðu í kerfinu að taka lán hjá þeim sem eru með jákvæða stöðu. Að öðrum kosti þurfa þeir að eiga viðskipti við

Seðlabankann á lakari kjörum. Með þessum hætti tryggir Seðlabankinn að peningakerfið þjóni sínu hlutverki jafnframt því sem engin peningabensla á sér stað þar sem grunnfé breytist ekki. Þar með virkar innlenda peningakerfið með sama hætti og gildir þegar um myntráð eða „dollariserað“ kerfi er að ræða.

Vaxtaákvæðanir yrðu áfram sjálfstæðar í þeirri merkingu að þær yrðu framkvæmdar af Seðlabankanum. Hins vegar liggur í augum uppi að þær myndu taka fullkomlega mið af vaxtabreytingum evrópska seðlabankans með svipuðum hætti og nú er gert í Danmörku.

Til viðbótar við greiðslumiðlunarhlutverkið yrði Seðlabankinn áfram bakhjarl innlendra lánastofnana (lender of last resort). Slíkt er óhjákvæmilegt þar sem einhliða evruvæðing af þessu tagi veitir íslenskum lánastofnunum ekki sjálfkrafa aðgang að öryggisneti evrópska myntbandalagsins. Hversu mikilvægur þessi þáttur er fer eftir stærð gjaldeyrisforðans og skuldastöðu ríkissjóðs ásamt fjárhagslegum styrkleika viðskiptabankanna, auk þess sem hlutverk fjármálaeftirlitsins skiptir hér miklu máli til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika.

AF HVERJU EKKI?

Hugmyndin um að taka upp evruna með þessum nýstárlega hætti kann að virðast óraunsæ og erfið í framkvæmd. Engin þjóð hefur enn sem komið er tekið upp peningalaust kerfi þó svo að fræðilega hafi þessi hugmynd verið á reiki innan hagfræðinnar í heila öld í verkum sænska hagfræðingsins Knut Wicksell. Á undanföllum árum hefur síðan peningahagfræðin í vaxandi mæli beinst inn á þessar brautir og í reynd er framkvæmd peningastefnunnar í nokkrum löndum nú þegar snúin að þessu fyrirkomulagi. Að síðustu virðist augljóst að eftir því sem rafrænar greiðslur aukast mun hefðbundin notkun á seðlum og mynt smátt og smátt dragast saman. Það er því einungis spurning um tíma hvenær skrefið yfir í peningalaust hagkerfi verður stigið til fulls. Af hverju ættum við Íslendingar ekki að verða fyrstir til og nota þetta tækifæri, ef á annað borð tenging við evruna væri talin æskileg?

Engin þjóð hefur enn sem komið er tekið upp peningalaust kerfi þó svo að fræðilega hafi þessi hugmynd verið á reiki innan hagfræðinnar í heila öld ... Af hverju ættum við Íslendingar ekki að verða fyrstir til og nota þetta tækifæri, ef á annað borð tenging við evruna væri talin æskileg?

STARFSMANNASTJÓRNUN

Hjónaband í hættu

Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var á meðal tvö þúsund starfsmanna í Bretlandi á vegum CIPD og birt er á vefnum *peoplemanagement.co.uk* og *onrec.com* er sambandi á milli margra starfsmanna og yfirmanna líkt við hjónaband sem komið er í krísu. Sambandið einkennist oft af lélegum samskiptum og litlu trausti sem leiðir af sér litla framleiðni, lélega frammistöðu og mikla starfsmannaveltu.

PÚ TEKUR MIG SEM SJÁLFSAGÐAN HLUT ...

Fjórðungi (25 prósentum) starfsmanna finnst sjaldan eða aldrei að vinna þeirra skipti fyrirtekið máli og aðeins 38 prósent starfsmanna segja að yfirmenn og millistjórnendur komi fram við þá af virðingu.

VIÐ TÖLUM EKKI SAMAN LENGUR ...

Um þriðjungur (30 prósent) segist sjaldan eða aldrei fá endurgjöf á frammistöðu frá yfir-

manni. Þá segjast 42 prósent starfsmanna ekki fá upplýsingar um framgang mála í fyrirtæki sínu og aðeins 37 prósent starfsmanna finnst að viðhorf þeirra, skoðanir og álit hafi áhrif innan fyrirtækisins.

PÚ DREGUR ÚR MÉR ...

Um 44 prósent starfsmanna finna fyrir óhóflegum þrýstingi einu sinni eða tvisvar í viku eða oftar og 22 prósent starfsmanna finna miklu álagi og stressi.

LJÓMINN ER FARINN ...

Um helmingur aðspurðra (43 prósent) er óánægður með samband sitt við yfirmann

og um fjórðungur aðspurðra hlakkar sjaldan eða aldrei til að fara í vinnuna.

ÉG TREYISTI PÉR EKKI ...

Aðeins 37 prósent aðspurðra bera fullt traust til yfirmanna og 32 prósent starfsmanna eru óánægð með hvernig fyrirtækinu er stjórnað.

ÉG VIL LOSNA ...

Um fjórðungur starfsmanna er óánægður með núverandi vinnu sína og 47 prósent eru að leita sér að nýju starfi eða eru að skipta yfir í nýtt starf. Þá kom fram í könnuninni að starfsmenn yfir 55 ára aldri voru tengdastir fyrirtækjunum en starfsmenn

undir 35 ára voru líklegastir til að vera óánægðir.

Catherine Truss, einn af höfundum rannsóknarinnar, segir að hér sé augljóst hversu mikið vinnubrögð stjórnenda hafa áhrif á viðhorf starfsmanna til vinnu sinnar og það þurfi ekki að vera flókið ferli að bæta sambandið svo að starfsfólki finnst það vera metið að verðleikum.



Sif Sigfúsdóttir
MA í mann-
auðsstjórnun

SPÁKAUPMAÐURINN

Búið að redda jólnunum

Desemberhlaupið er hafið og maður er auðvitað með í því. Það er gaman undir lok ársins að veðja á hvaða hestar hlaupa hraðast á lokaspretti ársins. Ég sagði um daginn að ég byggist ekki við að 365 færi niður fyrir 3,65. Ég hafði rangt fyrir mér. Ég hef alltaf verið maður til að viðurkenna þegar ég hef rangt fyrir mér. Þess gerist nánast aldrei þörf og þegar það gerist, þá opnast venjulega ný tækifæri.

Þegar gengið fór niður fyrir mína spá, þá náttúrulega keypti ég. Rúmri viku síðar er maður kominn með fyrir öllum jólagjöfunum.

Annars er ég farinn að búa mig undir magurt ár, þó að lokaspretturinn á þessu lofi ágætu. Seðlabankinn mun sennilega gefa 50 punkta hækkun í jólagjöf og það óháð því hvort maður setur skóinn út í glugga eða ekki. Svo sýnist mér að allir stóru kallararnir á markaðnum séu komnir í einhvern fjölmiðlaleik. Ég skil ekki hvað þeir eru að pæla með því. Það er aldrei hægt að stjórna umræðu um sig til lengdar og meiri hætta að maður lendi inn í umræðu með því að eiga í fjölmiðlum. Þess vegna hef ég aldrei átt í fjölmiðlum, nema sem ósýnilegur skammtímafjárfestir.

Það er fullt af tækifærum á þessum markaði til lengri tíma lítið. Bankarnir verða á fullu næsta árið og margt spennandi að gerast hjá þeim. Þeir munu hins vegar gjalda á næsta ári fyrir samdrátt og einhver gjaldþrot sem óhjákvæmilega er fylgífiskur okurvaxtanna sem verða ráðandi framan af ári. Það verður allavega meiri vinna en áður að halda góðum gangi í fjárfestingunum.

Ég held að maður dragi saman seglin á næstunni og bíði eftir bölsýninni. Kreppan 2001 til 2002 varð grundvöllur mikilla afreka hjá mér og ég ætla mér ekki minni hluti þegar hagkerfið fer á sving eftir samdrátt og svartsýni sem mun koma á næsta ári.

Þetta hljómar allt saman frekar auðvelt. Það kunna flestir að lesa í hagsveifluna. Vandinn er hins vegar að láta ekki tilfinninguna á markaðnum sópa sér með. Það er auðveldara um að tala, en í að komast. Svipað og að hætta að reykja. „Það er enginn vandi að hætta að reykja, það hef ég oft gert,“ sagði Mark Twain og sama gildir um ákvarðanir á markaði.

Þegar ég fór inn á markaðinn á þessum tíma sögðu margir vinir mínir að ég væri galinn. Þegar ég skuldsetti mig grimmt, þá afskrifuðu þeir mig alveg. Hvar er ég í dag og hvar eru þeir? Þeir eru launamenn, en ég minn eigin herra. Og hvílíkur herra.

Spákaupmaðurinn á horninu



Fær fyrirtækið gæðastimpil frá starfsfólkinu?

Forráðamenn fyrirtækja, stærri og smærri, vita að velgengni veltur ekki síst á ánægju starfsfólksins. VR stendur árlega fyrir könnuninni Fyrirtæki ársins en niðurstöðurnar veita forráðamönnum mikilvæga innsýn í viðhorf starfsmanna og eru dýrmætur mælikvarði á frammistöðu fyrirtækisins í starfsmannamálum.

Fyrirtækjum stendur til boða að allir starfsmenn taki þátt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Þannig geta allir sagt sinn hug og heildstæðari mynd fæst af stöðu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar um Fyrirtæki ársins 2007 er að finna á vr.is.

Krefjast öruggari rafhlaða í fartölvur

Hagsmunahópur sem berst fyrir betri ferðarafhlöðum segir öruggari rafhlaður fyrir fartölvur verða að líta dagsins ljós á næstunni.

Hópurinn nefnist The Portable Battery Working Group og eiga fulltrúar frá nokkrum tölvufyrirtækjum sæti í honum. Hópurinn var settur saman eftir að japanska hátækni-fyrirtækið Sony varð að innkalla rúmlega 10 milljón rafhlaður fyrir fartölvur á heimsvísu frá nokkrum af stærstu fartölvuframleiðendum í heimi á haustdögum.

Galli í rafhlaðunum varð til þess að hætta var á að þær ofhitnuðu og kviknaði í þeim í einhverjum tilfellum.

- jab



FARTÖLVA FRÁ TOSHIBA
Hópur á vegum tölvuframleiðenda krefst betri rafhlaða fyrir fartölvur í framtíðinni.

Fjölmiðlarisar fara gegn YouTube

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Bandarísku fjölmiðla- og afþreyingarrisarnir News Corp., Fox, Viacom, CBS og NBC, eru sagðir eiga í viðræðum um að búa til vefsvæði þar sem sjónvarpsefni frá fyrirtækjunum verður birt. Vefsvæðið mun verða sett á laggirnar gegn YouTube.

Bandaríska dagblaðið The Wall Street Journal segir málið hafa komið upp fyrir á árinu en viðræðurnar eru skammt á veg komnar. Þá segir enn fremur að markmiðið með stofnun vefsvæðisins sé að ná inn tekjum á ört stækkandi auglýsingamarkaði á Netinu og saxa þannig á markaðshlutdeildir svipaðra vefja. Hugmyndin er að fyrirtækin muni eiga jafnan hlut í vefsvæðinu.

Vöxtur í vefsvæðum þar sem boðið er upp á myndskrár hefur verið gríðarlegur á síðustu árum og nefna menn oft YouTube sem dæmi um vöxtinn. Vefsvæðið var sett á laggirnar fyrir tveimur árum en þar er netverjum gert kleift að birta myndbönd sín af ýmsu tagi. Þar á meðal er efni frá CBS og NBC, sem varið er höfundarréttarlögum.

Daglegir notendur YouTube eru um 100 milljón talsins en netleitarfyrirtækið Google keypti fyrirtækið fyrir 1,65 milljarða dali eða 114 milljarða íslenskra króna fyrir skömmu.



YOUTUBE Bandarískir fjölmiðlarisar eru sagðir hafa í hyggju að setja á laggirnar vefsvæði til höfuðs YouTube.

MARKAÐURINN/AFP

Microsoft stefnir hátt með Zune

Bandaríski hugbúnaðarísinn Microsoft stefnir að því að selja rúm milljón eintök af Zune, nýja spilastokknum sem fyrirtækið framleiðir, á fyrri helmingi næsta árs.

Microsoft setti Zune-spilarann á markað um miðjan síðasta mánuð til höfuðs iTunes-spilastokknum frá Apple, sem hefur selst í um 70 milljónum eintaka á síðastliðnum fimm árum. Zune-spilarinn á hins vegar nokkuð í land með að velta iTunes-stokknum úr toppsætinu því sala hefur verið minni en væntingar stóðu til og er hann í 5. sæti yfir mest seldu spilastokka af svipaðri gerð með einungis um tveggja prósentu markaðshlutdeild.

Þá hafa gagnrýnendur



tækjabúnaðar og neytendur ekki gefið spilaranum jafn góða dóma og horft var til.

Talsmaður Microsoft er þrátt fyrir þetta bjartsýnn á framhaldið og segir söluuna munu taka við sér. „Við horfum ekki á sölutölur á milli vikna heldur á heildarsölu yfir lengra tímabil,“ sagði hann.

Zune-spilarinn er með 30 gígabæta hörðum diskum og er með þráðlausri tækni, sem gerir notendur hans kleift að senda myndir og lög á samþjöppuðu formi sín á milli án þess að snúru komi nokkuð við sögu.

- jab

ZUNE-SPILARI Microsoft stefnir á að selja allt að eina milljón spilastokka á fyrri hluta næsta árs.

MARKAÐURINN/AFP

allt atvinna

Alla sunnudaga

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD, EUR og GBP.

*Nafnávöxtun í EUR, USD og ISK á ársgrundvelli fyrir tímabilið 01/11/06-01/12/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI



NINTENDO WII LEIKJATÖLVA
Svo mikil eftirspurn hefur verið eftir nýjustu leikjatölvunni frá Nintendo að skipta varð eintökum bróðurlega á milli umboða í Evrópu.

Wii-tölvun uppseld

Nýjasta leikjatölvun frá Nintendo, Wii, rauk hraðar út en heitar lummur þegar fyrsta sendingin kom til landsins á fimmtudag í síðustu viku.

Fjöldi manns hafði lagt inn pöntun fyrir tölvunni en þar sem færri leikjatölvur bárust til landsins en vonir stóðu til varð að draga úr hatti hverjir fengju eintak.

Rúnar Hrafn Sigmundsson, sölumaður hjá Ormsson, umboðsaðila Nintendo á Íslandi, segir svo mikla eftirspurn eftir nýju leikjatölvunni Evrópu að dreifingaraðili Nintendo í Þýskalandi hafi séð sig neyddan til að dreifa leikjatölvunum bróðurlega á milli umboða í álfunni. Hafi því um þriðjungi færri leikjatölvur komið hing-

að til lands en gert hafði verið ráð fyrir.

Mikil eftirspurn hefur verið um allan heim eftir Wii-tölvunni, og í Bandaríkjunum hefur hún selst þrisvar sinnum betur en nýja leikjatölvun frá Sony, Playstation 3.

Þá spillir verðið ekki fyrir en Nintendo Wii kostar tæpar 30.000 krónur hjá Ormsson samanborett við um 50.000 krónur sem búist er við að PS3 muni kosta þegar hún kemur á markað í Evrópu í mars á næsta ári.

Rúnar segir tvær sendingar af leikjatölvunni koma hingað fyrir jóln, þar af ein nú í vikunni, til að tryggja að allir þeir sem biða eftir hörðum pakka fyrir jóln verði ánægðir.

- jab

SAMSUNG

SKRIFSTOFUTÆKI

SKRIFSTOFUTÆKIN NÚ HJÁ ORMSSON

**VORUM AÐ
FÁ SENDINGU
AF FRÁBÆRUM
TÖLVUSKJÁM
FRÁ SAMSUNG**



**SAMSUNG
SyncMaster 710N**
Skjástærð: 17"
Upplausn: 1280 x 1024
Ljós magn: 300cd/m2
Skerpa: 600:1
Svartími: 12 ms
Litafjöldi: 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 25.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 940N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Litafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 33.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 970N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans

VERÐ: 59.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 204B**
20,1" skjár
Upplausn 1600 x 1200
Ljós magn 300cd/m2
Skerpa 800:1
Svartími 5 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Silfur

VERÐ: 59.900,-

SAMSUNG LASER PRENTARAR Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:



**AÐEINS
15.900,-**

SAMSUNG ML-2010
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 20 bl./mín.
Upplausn: 1200x600dpi
Pappírþakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB



**TILBOÐSVERÐ
29.900,-**

SAMSUNG ML-3051N
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 28 bl./mín.
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírþakki inn: 250+50 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX



**LITA-LASER
AÐEINS
39.900,-**

SAMSUNG CLP-510
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 6 bl./mín. í lit
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírþakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS og Linux
Tenging: USB 2.0



**LITA-LASER
TILBOÐSVERÐ
59.900,-**

SAMSUNG CLP-600N
Prentari: Litalaserprentari m/netkorti
Prenthraði: 20 bl./mín. í svarthvítu, 20 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírþakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

HEIMSINS MINNSTI OG LÉTTASTI LITA-LASER-PRENTARI

Tilvalinn bæði á skrifstofuna og á heimilið!



**LITA-LASER
AÐEINS
39.900,-**

SAMSUNG CLP-300
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu,
4 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírþakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10/100 Base
Stærð B: 39 x D: 34 x H: 26 cm



**FJÖLNOTATAEKI
AÐEINS
24.900,-**

SAMSUNG SCX-4200
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 18 bl./mín.
Upplausn: 600x600dpi
Skanni og ljósritun:
Upplausn: 600x2400dpi
(max. 4800x4800dpi)
Pappírþakki inn: 250 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0

Þú gengur að gæðunum vísum!

ORMSSON



Fimm þúsund manns hjá Sko

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir skrifar

Símafyrirtækið Sko hefur á undanförunum mánuðum náð góðri fótfestu á íslenska símamarkaðnum. Um fimm þúsund manns eru nú í viðskiptum við félagið sem er vel umfram þau markmið sem stjórnendur félagsins settu sér í upphafi. BTnet, sem Ódýra símafélagið tók yfir í sumar, miðar að því, líkt og Sko, að bjóða ódýrustu vöruna á markaðnum með því að veita alla þjónustu í gegnum netið. Ragnhildur Ágústsdóttir var nýlega ráðin framkvæmdastjóri Ódýra símafélagsins sem rekur bæði fyrirtækin. Hún tók þátt í uppbyggingu Sko og starfði sem þjónustu- og vefstjóri frá stofnun þess fyrr á þessu ári.

Sko hefur frá upphafi haft það að markmiði að halda ekki úti kostnaðarsömum verslunum. Því er engar Sko-verslanir að finna vítt og breitt um landið og ekki er hægt að kaupa hleðslu í verslunum, eins og hægt er með frelsi hinna símafyrirtækjanna. Þjónusta Sko fer nefnilega að langmestu leyti fram á netinu þótt hægt sé að hafa samband við þjónustuver á annatíma, milli 12 og 18 virka daga. Þetta fyrirkomulag hefur að sögn

Ragnhildur reynst vel og stendur ekki til að breyta því. Sko skilgreinir meginmarkhóp sinn út frá ungu fólki, á bilinu 20 til 35 ára, sem er tilbúið að nota internetið og borga minna fyrir vikið. „Á netinu geta viðskiptavinir okkar skoðað nákvæmt yfirlit yfir viðskipti sín, frá því hversu oft er hringt í ákveðna manneskju til þess hve lengi er talað við hana. Þannig er hægt að sjá upp á krónu í hvað hleðslan fer. Við erum með talsvert lægra verð en samkeppnisaðilarnir og auk þess er frítt að hringja innan kerfis í alla aðra viðskiptavinum Sko. Þetta er eingöngu mögulegt af því að við höfum svo litla yfirbyggingu og því mun lægri kostnað en stóru fyrirtækin.“

Ódýra símafélagið tók yfir rekstur BTnets í lok síðasta sumars og er nú í því ferli að skoða og endurskilgreina reksturinn. Markmiðið er að félagið verði ekki ósvipað Sko að uppbyggingu. Ekki stendur endilega til að bjóða þjónustu fyrirtækjanna tveggja saman í pakka. „Þetta verður ekki spurning um bindingu og fá þannig besta samninginn. Við ætlum að vera ódýrust á hverju sviði þannig að það borgi sig alltaf að vera hjá okkur, hvort sem er með GSM eða ADSL.“



SKIPTIR FYRIRTÆKJAMENNING MÁLI? Þannig var yfirskrift morgunverðarfundar sem Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands efndi til í síðustu viku. Þar leituðust þeir Jón Kr. Gíslason, starfsmannastjóri Össurar, og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, við að lýsa menningu sinna fyrirtækja og skýra hvernig hún hefur hjálpað til við að fleyta fyrirtækjunum þangað sem þau eru í dag. Eins og sjá má hlustuðu gestirnir á frummælendur af mikilli athygli.

JÓN KR. GÍSLASON, STARFSMANNA-STJÓRI ÖSSURAR Össur hefur tekið mörg fyrirtæki yfir í gegnum tíðina. Það ferli er rétt að byrja miðað við þau áform sem félagið hefur á þrjónunum um frekari vöxt. Jón sagði frá því hvernig skýr fyrirtækjamenning hafi skipt sköpum fyrir hversu vel yfirtökurnar hafi heppnast. Félagið hafi þrjú megingildi: heiðarleika, hugrekki og hagsýni, sem séu alltaf höfð að leiðarljósi og leitast við að innleiða þau eins fljótt og auðið er í hinum yfirteknunum félögum.



RAGNHILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓDÝRA SÍMAFÉLAGSINS Ódýra símafélagið rekur Sko og BTnet sem bæði bjóða ódýra þjónustu í gegnum netið.

MARKAÐURINN/VILHELM

Tölvukælar
Fyrir tækni- og tölvurými

ís-húsið 566 6000

Síminn stendur markaðsvaktina

Síminn hefur hafið þjónustu sem gerir athafnafólki og öðrum áhugasömum kleift að fá fjármálaupplýsingar sendar beint í GSM-símann sinn. Þjónustan sem um ræðir er svokölluð SMS-markaðsvakt. Gagnagrunnur er tengdur beint við Kauphöll Íslands og þannig er mögulegt að fylgjast með í rauntíma hvenær breytingar gerast á markaði. Viðskiptavinir SMS-markaðsvaktarinnar geta skilgreint fyrirfram þær upplýsingar sem þeir vilja fá sendar. Um leið og einhverjar breytingar eiga sér stað fá viðskiptavinir Símans þær sendar með sms í símann sinn.

Í fréttatilkynningu frá Símanum kemur fram að Þjónusta SMS-markaðsvaktarinnar sé fimmþætt og skiptist í það helsta af fjármálamarkaði, fréttavakt, gjaldeyrisvakt, vísitöluvakt og

verðbréfavakt. Hægt er að fylgjast með því helsta sem gerist á fjármálamarkaðnum á hverjum degi og eru listar sendir daglega sem sýna fimm mestu hækkanir og lækkanir hverju sinni. Með fréttavaktinni



geta viðskiptavinir fylgst með öllu því markverðasta sem á sér stað í Kauphöll Íslands. Um leið og Kauphöllin gefur frá sér tilkynningu kemur sms í símann með fyrirsögn fréttar, flokki hennar og auðkenni þeirra félaga sem hún tengist. Með gjaldeyrisvaktinni er hægt að fylgjast með og fá upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti. Hún færir upplýsingar um stöðu gengisvísitölu krónunnar auk þess að birta gengi helstu gjaldmiðla. Vísitöluvaktin veitir upplýsingar um stöðu úrvals- og aðalvísitölu Kauphallar Íslands og að lokum lætur verðbréfavaktin vita um allar meiri háttar breytingar á gengi viðkomandi verðbréfs og sendir allar fréttir sem tengjast félaginu.

- hhs

SÍMINN BYÐUR SMS-MARKAÐSVAKT Viðskiptavinir Símans geta fylgst með í rauntíma hvenær breytingar verða á markaði í gegnum SMS-markaðsvakt.

Mannabreytingar hjá Eimskipi

Heiðrún Jónsdóttir hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs Eimskips, auk þess sem hún sinnir lögfræðilegum verkefnum.

Um leið og Heiðrún tók við nýju starfssviði um síðustu mánaðamót létu af störfum Ingunn B. Vilhjálmssdóttir, framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs og Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri stefnumótunar- og samskiptasviðs.

Heiðrún segir starfið leggjast vel í sig og að sér hafi verið vel tekið á nýjum stað. Hún er fædd á Húsavík árið 1969, lauk kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og varð héraðsdómsslögmaður haustið 1996. Hún tók próf í starfsmannastjórnun frá HA 1999 og lauk löggildingu í verðbréfamíðlun árið 2006. Heiðrún hefur margvíslega starfsreynslu bæði af lögfræði og stjórnun. Síðast var hún framkvæmdastjóri og meðeigandi á Lex lögmánsstofu, en þar áður gengdi hún starfi upplýsingafulltrúa Símans. Heiðrún er í sambúð með Jóhannesi Sigurðssyni, aðstoðarforstjóra Milestone. Hún á tvö börn og þrjá stjúpsyni. - óká



HEIÐRÚN JÓNSDÓTTIR Heiðrún, sem áður var upplýsingafulltrúi Símans, hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra starfsþróunar- og samskiptasviðs Eimskips.

MARKAÐURINN/GVA

Viðskiptavinir SPRON þeir ánægðustu

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Starfsmenn SPRON klappa eflaust hver öðrum á bakið um þessar mundir. SPRON var nefnilega eina íslenska fyrirtækið á bankamarkaði sem lagði aukin lóð á skálar íslensku ánægjuvogarinnar í ár. Það er Capacent á Íslandi sem sér um framkvæmd íslensku ánægjuvogarinnar en hún er samræmd mæling á ánægju viðskiptavina banka á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjum. Hinir sparisjóðirnir, sem mældir eru saman, fylgdu fast á hæla SPRON en náðu þó ekki að bæta sig frá fyrra ári. Viðskiptabankarnir þrír fengu hins vegar léttan skell enda hefur ánægja viðskiptavina þeirra ekki mælst minni frá því mælingar ánægjuvogarinnar hófust árið 1999. Allt frá upphafi mælinga hafa sparisjóðirnir komið betur út úr mæling-

um á íslensku ánægjuvuginni. Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, telur að sú áhersla sem SPRON leggur á að veita einstaklingum og minni fyrirtækjum persónulega þjónustu skipti miklu máli varðandi útkomu könnunarinnar. „Við



leggjum okkur sérstaklega eftir því að byggja upp þann þátt í starfseminni sem lýtur að góðri þjónustu. Við erum því ánægð með að fá með þessum hætti viðurkenningu á að það sé að takast hjá okkur.“

SPRON hlaut jafnframt á dögnum jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs, fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja. Guðmundur bendir á að breytt umhverfi fjármálaþjónustunnar hafi kallað á að starfsmenn þurfi stöðugt að efla sína þekkingu. „Við leggjum mikla áherslu á að efla starfsmanninn sem einstakling í sínu starfi og höfum í gangi mjög umfangsmikið fræðslu- og endurmenntunarkerfi til þess. Við hvetjum okkar starfsmenn til að sækja sér þá menntun sem er í boði. Aukin þekking leiðir til jafnréttis og ég held að það sé fyrst og fremst þetta sem er að skila sér í öflugra og ánægðara starfsfólki, sem áfram skilar sér til viðskiptavinarins í meiri þjónustugæðum. Það má því segja að þessir þættir styðji hvor annan.“

KRÓNI OG KRÓNA Viðskiptavinir SPRON virðast vera jafngláðir hjá SPRON og sparibankarnir Króni og Króna.



GUÐMUNDUR HAUKSSON, SPARISJÓÐS-STJÓRI SPRON Að vonum ánægður með að viðskiptavinir SPRON eru þeir ánægðustu í íslenska bankakerfinu.

FÓLK Á FERLI

HELGI JÓHANNESSON, framkvæmdastjóri Norðurmjólkur, hefur verið ráðinn Umdæmisstjóri VÍS á Norðurlandi. Hann tekur við nýju starfi umdæmisstjóra



þann 1. janúar 2007. Umdæmisskrifstofa VÍS á Norðurlandi er á Akureyri og heyrir undir hana svæði allt frá Hvammstanga til Þórshafnar. Alls eru tíu skrifstofur í umdæminu. Helgi hefur starfað sem framkvæmdastjóri Norðurmjólkur ehf. frá ársbyrjun 2001. Þar áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Norðlenska í eitt ár og framkvæmdastjóri kjötiðnaðarsviðs KEA frá 1997 til 2000. Hann lauk BSc prófi frá Odense Teknikum árið 1985 og MSc í verkfræði frá Ålborg Universitet árið 1987. Hann hefur setið í stjórnnum hinna ýmsu félaga í gegnum tíðina. Þar á meðal sat hann í stjórn Vátryggingafélags Íslands frá árinu 2002 til 2004, Líftryggingafélags Íslands frá 2004 til 2005 og Verði frá 2004 til 2006.



NÝR KALMARLYFTARI ATLANTSSKIPA Lyftarinn getur staflað gámum í fjórar hæðir og teygst sig upp í þriðju röð.

Atlantsskip kaupir lyftara

Atlantsskip hefur fest kaup á Kalmar-gámalyftara til viðbótar við annan þriggja ára gamlan sem félagið á.

Nýi lyftarinn vegur 70 tonn og er sagður einn sá fullkomnasti á landinu í dag. „Hann er búinn mjög fullkomnu tölvakerfi sem heldur utan um allar aðgerðir tækisins og fæst þannig vitneskja um allt viðhald og þjónustu,“ segir í tilkynningu Vélaborgar ehf. sem hefur umboð fyrir Kalmar hér á landi. Lyftarinn ræður við gáma sem vega allt að 45 tonn og getur staflað upp í fjórar hæðir.

Á árinu hefur Vélaborg flutt inn og selt fjóra Kalmar-lyftara og er með í pöntun sex tæki sem eru seld og til afgreiðslu á næsta ári.

- óká



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Kangoo



Trafic

Master

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi.

Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L** atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Trafic

Verð frá kr. 2.280.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.295

Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.





BJÖRG ARNARDÓTTIR, LÁNASÉRFRÆÐINGUR HJÁ LÁNSTRAUSTI „Það sem hefur mest um að segja við útreikning á ógjaldfærni eru vanskilaskrá og ársreikningar. Því hærri sem líkurnar eru á ógjaldfærni þeim mun hærri áhættuflokkur lendar fyrirtækið í.“ MARKAÐURINN/RÓSA

Benda á veiku blettina hjá fyrirtækjum

Á annað þúsund fyrirtæki gætu orðið gjaldþrota eða fengið á sig árangurslaust fjárnám innan tólf mánaða gangi spár LT-skors Lánstrausts eftir. Upplýsingar úr ársreikningaskrá og vanskilaskrá eru veigamestu upplýsingarnar við útreikninga á ógjaldfærni. **Björg Arnardóttir**, hjá Lánstrausti, benti *Eggerti Þór Aðalsteinssyni* á að fimmtungur fyrirtækja sem skilar ekki ársreikningum verði ógjaldfær innan árs.

Á dögunum sendi Lánstraust hf. út bréf til fjölda fyrirtækja þar sem stjórnendum og forsvarsmönnum þeirra var bent á að tímasetning skila ársreiknings fyrir árið 2005, sem eru liðin, geti haft áhrif á lánshæfismat þeirra. Í bréfinu kemur fram að nýjar upplýsingar um fyrirtæki gefi réttari mynd af þeim og auki jafnframt líkurnar á réttum viðskiptakjörum.

„Rökin fyrir skilaskyldu ársreikninga eru þau, að um nokkurs konar gagngjald sé að ræða fyrir hagræðið af því að fá að stunda atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð. Aðrir eigi á móti þessu hagræði rétt á að fylgjast með rekstrinum,“ segir í frétt frá Lánstrausti.

Á ANNAD ÞÚSUND FYRIRTÆKJA VERÐA ÓGJALDFÆR

Lánstraust gefur út tölfræðilegt áhættumat, LT-skor, sem metur líkur á ógjaldfærni íslenskra fyrirtækja til eins og þriggja ára og byggjast útreikningar meðal annars á upplýsingum úr ársreikningum.

Með ógjaldfærni (probability of default) er átt við líkur á því að fyrirtæki verði gjaldþrota eða fái á sig árangurslaust fjárnám. Björg Arnardóttir, lánasérfræðingur hjá Lánstrausti, segir að LT-skorið spái því að 7,1 prósent af hlutfélögum og einkahlutfélögum verði ógjaldfær innan tólf mánaða, eða um 1.695 fyrirtæki.

LT-skorið eykur öryggi í láns- og reikningsviðskiptum til muna því fyrirtæki geta hraðað og bætt ákvörðunartöku við lánveitingar til nýrra eða eldri viðskiptavina, dregið áhættu í láns- og reikningsviðskiptum og auðveldað ákvarðanir við greiðslukjör.

BETRI FYRIRTÆKI HAGNAST Á BASEL II

Útlánaáhætta er mæld með mörgum mælistikum. „Ein þeirra er notkun tölfræðilegs áhættumats. Matið gengur út á að meta hæfni viðskiptamanns til framtíðargreiðslugetu með það fyrir augum að lágmarka útlánatap í framtíðinni,“ segir Björg.

Nýjar tilskipanir ESB sem nefndar eru einu nafni Basel II til einföldunar, voru staðfestar 14. júní 2006 og taka þær gildi um áramótin. Basel II regluverkið gerir fjármálafyrirtækjum kleift að reikna út eiginfjárkröfu útlána í samræmi við niðurstöðu innri matsaðferða. „Einstaklingar og fyrirtæki munu verða lánshæfismetin. „Betri“ fyrirtæki munu líklega hagnast af innleiðingu þessara reglna, og eiga auðveldara með öflun lánsfjár og fá lánað á lægri kjörum.“

Það má segja að Basel II hafi sett leiðbeinandi reglur fyrir fyrirtæki í útlánastarfsemi til að meta útlán eftir líkum á ógjaldfærni. Fyrirtæki geta jafnframt fundið út þessar líkur með ytra mati líkt og LT-skori.

TÍU ÁHÆTTUFLOKKAR

Reiknilíkanið, sem er undirstaða LT-skors, er hannað af norskum sérfræðingum hjá Creditinfo Decision, systurfélagi Lánstrausts. Björg segir að þegar þær breytur sem segja til um ógjaldfærni fyrirtækja eru rannsakaðar þá eru gögn um öll íslensk hlutfélög skoðuð fjögur ár aftur í tímann ásamt ógjaldfærni gögnum ári síðar. Þannig er fundið með línulegri aðhvarfsgreiningu (línuleg tengsl milli tveggja breyta) hvað er í raun sameiginlegt með þeim fyrirtækjum sem verða ógjaldfær.

Þær upplýsingar sem hafa áhrif við útreikning á ógjaldfærni eru meðal annars upplýsingar úr ársreikningum, skiladagur til ársreikningaskrár Ríkisskattstjóra, vanskilaupplýsingar, starfsemi fyrirtækis, upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og aldur fyrirtækis. Reiknilíkanið setur viðkomandi fyrirtæki í einn af tíu áhættuflokkum. „Það sem hefur mest um að segja við útreikning á ógjaldfærni eru vanskilaskrá og ársreikningar. Því hærri sem líkurnar eru á ógjaldfærni þeim mun hærri áhættuflokkur lendar fyrirtækið í,“ bendir Björg á.

Upplýsingar úr ársreikningi hafa ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif þegar líkur á ógjaldfærni eru reiknaðar. Björg segir að félög með hátt hlutfall fastafjármuna af heildareignum séu ólík-

leg til að verða ógjaldfær en fyrirtæki sem hafa hátt hlutfall veltufjármuna (viðskiptakrafna og vörubirgða) eru hins vegar líklegri til þess. Einnig hefur eiginfjárstaða fyrirtækis áhrif á góða niðurstöðu.

ÁHRIF SKILA Á ÁRSREIKNING


„Þá hafa skil á ársreikningi áhrif á niðurstöðu. Tölur okkar sýna að 20 prósent af þeim fyrirtækjum, sem hafa ekki skilað inn ársreikningi árið áður, verða ógjaldfær innan tólf mánaða, hlutfall ógjaldfærra er mun lægra þegar skoðuð eru fyrirtæki sem hafa skilað ársreikningi eða um þrjú prósent,“ bætir Björg við.

Vanskilaupplýsingar eru einnig notaðar við útreikning LT-skors en þar hefur fjöldi færslna úr vanskilaskrá Lánstrausts og aldur vanskilafærslna áhrif. „Helmingur fyrirtækja með þrjár vanskilafærslur árið 2004 urðu ógjaldfær innan 12 mánaða. Þá var eftirtektarvert að fyrirtæki með þrjá vanskilafærslur, sem hafa skilað inn ársreikningi, eru mun ólíklegri til að verða ógjaldfær en sams konar fyrirtæki sem hafa ekki skilað ársreikningi.“

Vanskil stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra hafa einnig áhrif á ógjaldfærni fyrirtækja og til lækkunar á áhættuflokkun viðkomandi fyrirtækis.

Fyrirtæki er einnig líklegri til að verða ógjaldfært ef stjórnarmenn þess eru á rekstrarsöguskrá, en þá hafa þeir verið tengdir gjaldþrota fyrirtækjum með ákveðnum hætti. Ennfremur hafa þættir á borð við starfsemi fyrirtækis áhrif, enda fylgir mismikil áhætta einstaka atvinnugreinum. Aldur fyrirtækis skiptir máli að sögn Bjargar. „Áhætta vex þar til fyrirtæki ná þriggja ára aldri en minnkar eftir það. Áhættan er tvöfalt meiri hjá eins árs fyrirtæki en tíu ára gömlu félagi.“

Það sem hefur mest um að segja við útreikning á ógjaldfærni eru vanskilaskrá og ársreikningar. Því hærri sem líkurnar eru á ógjaldfærni þeim mun hærri áhættuflokkur lendar fyrirtækið í ... félög með hátt hlutfall fastafjármuna af heildareignum séu ólíkleg til að verða ógjaldfær en fyrirtæki sem hafa hátt hlutfall veltufjármuna





SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

BANG & OLUFSEN **B&O**

www.bang-olufsen.com

Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.

BANKAHÓLFID



Ef að fjandans ellin köld

Konungur dansks viðskiptalífs er án efa skipakóngurinn Arnold Mærsk Mc-Kinney Møller sem byggði upp stórveldi í Danaveldi. Sá gamli fæddist 1913 og því kominn á tíræðisaldur. Eins og stundum vill verða fá slíkir sigurvegarar aðkenningu að því sem kalla má ódauðleikatilfinningu. Hjá hinum aldna Dana birtist þetta í því að hann hefur nýverið fest kaup á lúxussnekkju til að komast frá erli hvunn dagsins. Sem væri ekki í frásögur færandi nema vegna þess að afhendingartími hennar er þrjú ár.

Bankar og blöð

Risarnir í fjármálalífínu hverfast kringum viðskiptabankanna þrjá. Bakkabræður með KB, Baugur með Glitni og Bjöggarnir með Landsbankann. Nú stefnir í að þessir þrír stólpur láti sér ekki þá pappíra sem finna má í bönkunum duga, heldur muni hver þeirra ráða yfir verulegum eignarhlutum í þremur dagblöðum. Ef viðskiptablaðinu verður breytt í dagblað með fulltingi Bakkabræðra, verða þeir komnir á dagblaðamarkaðinn, en fyrir ræður Björgólfur Guðmundsson og hans félagar Mogganum og Blaðinu og Baugur er stærsti hluthafi í Fréttablaðinu. Hvort þetta er góður pappír sem verið er að fjárfesta í verður svo að koma í ljós og forvitnilegt að sjá hvernig blaðamarkaðurinn þróast á næstunni.

Glæsilegt afmæli

Bakkabræður stóðu í ströngu um helgina, því þeir buðu til veglegrar veislu. Tílefnið var enda ærið, því fyrirtæki þeirra bræðra, Bakkavör, er tvítugt um þessar mundir. Margt mektarfólks sá ástæðu til að samfagna bræðrunum og fjölskyldu þeirra í tilefni af tímamótunum, enda á ferðinni einstök farsældarsaga í uppbyggingu fyrirtækisins.

Ekki blés þó byrlega í byrjun og róðurinn oft þungur fyrstu árin. Göntuðust þeir bræður með það að eiginkonurnar sem staðið hafa þétt við hlið þeirra við uppbygginguna hafi síður en svo gíft til fjár. Þvert á móti mætti segja að bræðurnir hafi kvænt til fjár, enda oft þröngt í búi fyrstu árin og ekkert eftir til að greiða þeim laun.

Þeir dagar eru að baki og nú blasa við vel rekin og sterk fyrirtæki þeirra bræðra sem eiga eftir að vaxa og dafna um ókomin ár.

81 milljarðs króna viðskiptahalli á þriðja ársfjórðungi.

20.000 sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum fengu að meðaltali 87 þúsund krónur í bónus á dögnum.

30% hlutur FL Group í Glitni eftir að hafa bætt við sig í vikunni.

Twöfalt hátíðarskap

Það styttest í jólin og við fögnum árs afmæli í Dalshrauni 1



Mikið úrval vandaðra eikarhúsgagna frá Christian Harold



Hátíðarverð á tveimur vinsælustu sófasettum okkar, aðeins þessa helgi



239.000-

159.000-

249.000-

169.000-



gæðahúsgögn Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Opið virka daga 10-18 • lau 11-16 • sun 13-16

E-TRADE

„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E-TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.

120 1886-2006



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár